

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 222. FUNDUR.

222. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 10. október árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Áður en gengið var til dagskrár bar oddviti fram tillögu um að fundargerð byggðarráðs frá 807. fundi yrði tekin á dagskrá fundarins og var það samþykkt með 6 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir nefnda:

**Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.**

**Fundargerð 802. fundar** frá 16. september s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum.

**Fundargerð 803. fundar** frá 23. september s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum.

**Fundargerð 804. Fundar, aukið byggðarráð**, frá 23. september s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum.

**Fundargerð 805. fundar** frá 30. september s.l. Fundargerð í 12 liðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram við 1. lið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir tillögu oddvita, sveitarstjóra og Elínar R. Líndal um að boða Esther Hermannsdóttur og Hjört Örn Eysteinnsson í viðtöl vegna ráðningar í starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum samhljóða. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum. Sigurbjörg Jóhannesdóttir mætti til fundarins kl. 15:12

**Fundargerð 806. fundar** frá 7. október s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 807. Fundar, aukið byggðarráð**, frá 9. október s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 2. Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti

**Fundargerð 140. fundar.** Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 3. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti

**Fundargerð 142. fundar.** Fundargerð í 4 liðum. Elín R. Líndal lagði fram eftirfarandi bókun vegna 2. liðar dagskrárinnar: „Elín R. Líndal tekur undir athugasemdir foramanns fræðsluráðs sem fram koma undir 2. lið fundargerðar fræðsluráðs. Samkvæmt ákvörðun

sveitarstjórnar var formanni falið að vera í þeirri viðræðunefnd.“ Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 4. Fundargerð skipulags- og umhverfissráðs. Oddviti kynnti.

**Fundargerð 226. fundar.** Fundargerð í 4 liðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram við 2. lið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu á lóð Grettisbóls, Laugarbakka í Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram við 3. lið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa erindi Jóhannesar Snorrasonar dags. 12. september sl. til frekari umfjöllunar í skipulags- og umhverfissráði.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

#### 5. Fundargerðir ungmennaráðs: Oddviti kynnti.

**Fundargerð 9. fundar** frá 13. maí s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 10. fundar** frá 16. september s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 11. fundar** frá 7. október sl. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

#### 6. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.16:00

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.